
KJARASAMNINGUR

milli

Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) annars vegar

og

Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) hins vegar

um kjara- og réttarstöðu félagsfólks FÍN

1. gr.

Gildissvið

Kjarasamningur þessi tekur til þess starfsfólks sem eru félagar í FÍN og starfa fyrir eftirfarandi aðildarfélag SFV: Alzheimersamtökin, Dalbær, Eir, Fellsendi, Grundarheimilin, Hamrar, Heilsuvernd hjúkrunarheimili, Heilsuvernd Vífilsstaðir, Hornbrekka, Hrafnista, Lundur, MS setrið, Múlabær/Hlíðabær, Reykjalundur, Samhjálp, S.Á.Á., Sjálfsbjargarheimilið, Skjól, Sóltún (Öldungur), Sólvangur (Sóltún öldrunarþjónusta), Vigdísarholt (Seltjörn, Skjólgarður, Sunnuhlíð) og Heilsustofnun NLFÍ.

2. gr.

Meginefni

Um kjör félagsfólks sem samningur þessi tekur til og samskipti aðila samnings þessa skal fara eftir öllum form- og efnisákvæðum gildandi kjarasamnings eftirfarandi aðildarfélaga BHM við SFV, með þeim breytingum, bókunum og fylgiskjölum eftir því sem við á: Félag Sjúkraþjálfara, Félagsráðgjafafélag Íslands, Fræðagarður, Iðjubjálfafélag Íslands, Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Sálfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag bókasafns og upplýsingafræðinga og Þroskaþjálfafélag Íslands. Kjarasamningur framangreindra aðildarfélaga BHM var síðast endurnýjaður þann 16. júní 2020. Breytingar á ráðningarsamningi félagsfólks í óhag eru ógildar, sbr. 24. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

3. gr.

Réttarstaða

Réttindi og skyldur félagsfólks í starfi hjá aðildarfélagum SFV skulu að öllu leyti vera hliðstæð réttindum og skyldum ríkisstarfsmanna samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo og stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, þ.m.t. um form- og efnisreglur sem stofnun ber að virða áður en gripið er til uppsagnar, að undangenginni áminningu þegar við á, sbr. 21. og 44. gr. laga nr. 70/1996, svo og skyldur stofnana til að rökstyðja uppsögn og áminningu. Kærustig skv. 2. mgr. 13. gr., 1. gr. 20. gr., 5. mgr. 26. gr., 2. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 44. gr. er stjórn viðkomandi vinnuveitanda.

4. gr.

Lífeyrissjóðsaðild

Félagsfólk á rétt að vera í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og greiða 4% iðgjald til LSR. Aðildarfélag SFV greiða mótframlag til LSR samkvæmt reglum LSR á hverjum tíma. Félagsfólk sem nú

er í B-deild LSR halda þeim rétti áfram. Aðildarfélag SFV greiða mótframlag til B-deildar samkvæmt reglum LSR á hverjum tíma, enda hafi viðkomandi aðildarfélag SFV tryggt sér heimild til þess.

5. gr.

Sjóðsaðild

Aðild félagsfólks að sjóðum á vegum BHM er háð greiðslu sjóðsframlags samkvæmt gildandi kjarasamningi, sbr. 2. gr. samnings þessa. Sama gildir um aðild félagsfólks að Vísindasjóði FÍN.

6. gr.

Gildistími

Kjarasamningur þessi tekur gildi 31. mars 2023. Við gildistöku kjarasamnings þessa falla úr gildi kjarasamningar sem FÍN hefur gert við aðildarfélag SFV, eftir því sem við á.

7. gr.

Betri réttur

Félagsfólk, sem notið hafa betri réttinda en samningur þessi gerir ráð fyrir, skulu halda þeim óskertum.

Reykjavík, 9. júní 2023

Fyrir hönd Samtaka fyrirtækja í
velferðarþjónustu

Þorsteinn Skuli Sveinsson
Karl Atta Gunnarsson
Lárus Blinn Kristjánsson
Guðbjörg Gunnarsdóttir

Fyrir hönd Félags Íslenskra náttúrufræðinga